

Útboð á veitingaþjónustu í skíðaskálanum í Oddsskarði veturinn 2023

Fjarðabyggð leitar eftir rekstraraðila til þess að sjá um veitingaþjónustu í skíðaskálanum í Oddsskarði yfir skíðavertíðina (janúar til maí) 2023.

Gert er ráð fyrir að rekstraraðili sjái um veitingaþjónustu á opnunartíma skíðasvæðisins. Rekstraraðila gefst einnig kostur á að vera með veitingasölu utan hefðbundins opnunartíma.

Skíðasvæðið í Oddsskarði er opið á virku dögum frá 16:00 – 20:00 og um helgar frá 10:00 – 16:00. Opnunartími er háður veðri og færð.

Eldhúsaðstaða er í skíðaskála og helstu tæki til matreiðslu.

Tilboð skal innihalda fasta fjárupphæð leigugreiðslu auk lýsingar rekstraraðila á hugmyndum um reksturinn, vöru- og þjónustuframboð, annað sem skiptir máli við mat á hugmyndum um reksturinn. Þjóðandi skal tilgreina reynslu sína af sambærilegum rekstri og/eða þjónustu.

Gerð er krafa um góða samskiptahæfni, sveigjanleika, ríka þjónustulund og að eiga auðvelt með að umgangast börn.

Tilboð skulu berast bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar fyrir kl. 14:00 fimmtudaginn 15. desember 2022. Tilboð skulu berast á netfangið fjardabyggd@fjardabyggd.is.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Árni Gunnarsson deildarstjóri íþróttamála magnus.arni@fjardabyggd.is eða í síma 470-9026.



FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is